

Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 85.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn þriðjudaginn 5. september kl 13:00 í Bomag verksmiðjunum í Þýskalandi. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson. Einnig sátu fundinn Fannar Viggósson og Valdimar Viggósson frá Norðurá, Gunnar Karl Þórðarson frá Vélaflí ehf og sölumennirnir Marc Dreyer og Detlev Wickert frá FAYAT GROUP.

Dagskrá

- Kynning.
- Kaup á sorptroðara.

1. Kynning.

Flogið var til Amsterdam mánudagsmorguninn 4. september og þaðan keyrt beint til Barneveld. Þar tóku á móti okkur Marc Dreyer og Detlev Wickert frá Fayat Group sem fóru með okkur á sorpurðunnarsvæði í eigu Vink. Skoðuðum þar troðara að störfum og fengum að prófa hann að vild á haugunum. Fengum einnig góða kynningu á sorpurðunnarsvæðinu og því sem þar fór fram. Keyrðum um kvöldið til Þýskalands.

Þriðjudaginn 5. október var tekið á móti okkur í Bomag verksmiðjum FAYAT GROUP í Þýskalandi. Fengum þar fjögurra klukkustunda kynningu á fyrirtækinu og allri starfsemi sem þar fer fram með sérstaka áherslu á framleiðslu og kröfur sem gerðar eru til sorptroðara hjá verksmiðjunni.

2. Kaup á sorptroðara.

Klukkan 13:00 þann 5. september áttum við formlegan fund með Marc Dreyer og Detlev Wickert ásamt Gunnari frá Vélaflí ehf. Farið var yfir fyrirbyggjandi tilboð og gerðar ákveðnar breytingar að okkar óskum á kröfum til troðarans í samráði við framleiðendur. Í lok fundar voru undirrituð og handsöluð kaup á Bomag BC772 RS-4 sorptroðara. Heildarkaupverð er 413.154 EUR með flutningi til Reykjavíkur. Í fyrirbyggjandi tilboði má sjá frekari upplýsingar um afhendingartíma, ábyrgðir og fleira.

Fundi slitið kl. 16:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson